

Almanak 2010



Sköpun úr verðlausum efnum

Í september síðastliðnum var haldin námsstefna fyrir leik- og grunnskólakennara um leikfangagerð úr verðlausum efnum á vegum Hönnunarsafns Íslands og Hafnarborgar, menningar- og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar. SORPA, IKEA og Kennarasamband Íslands styrktu verkefnið.

Á námsstefnunni fjallaði einn fremsti sérfræðingur Indlands á sviði hefðbundinna leikfanga, Sudarshan Khanna prófessor, um leikfangagerð úr einföldum og endurnýttum efniviði. Í kjölfarið var svo verkleg kennsla þar sem um 200 kennarar gerðu nokkur einföld en heillandi leikföng byggð á hönnun og hugmyndafræði Sudarshans.

Á næstu vikum þar á eftir komu nemendur úr öllum grunn- og leikskólum Garðabæjar í efnisveitu og vinnusmiðju á Garðatorgi og unnu áfram með ýmsar af hugmyndum Sudarshans Khanna. Fleiri hönnuðir voru einnig fengnir til liðs við verkefnið, t.d. hönnunarteymi frá Ráðuneytinu og Lúka Design, og komu þeir með hugmyndir að nokkrum áhugaverðum leikföngum og leikjum til viðbótar.

Einfalt og umhverfisvænt

Afrakstur þessarar vinnu í efnisveitunni er einungis byrjunin á vinnuferli fyrir Listadaga 2010 þar sem þemað verður „að leika sér“. Í efnisveitunni hafa nemendur þróað hugmyndir út frá efni sem ekki er lengur not fyrir. Hugmyndin er að útvíkka hugsanagang barna og kenna þeim að sjá möguleikana í nýjum efniviði. Umbreyting verðlausra hluta í leikföng er skapandi og gefur sköpunargleði og fagurfræði barnanna færi á að njóta sín. Börnin og við öll verðum meðvitaðri um umhverfi okkar og nærsamfélag með því að skoða betur hverju við köstum burt og hvað má nýta.






Undrunin og uppgötvunin

Þegar börnin skapa sín eigin leikföng hefst lærdómsríkt ferli. Í gerð leikfanganna felst tækifæri til að uppgötva og börnin þurfa sjálf að finna út hvað virkar og hvað ekki. Til dæmis flýgur flugfiskurinn, sem sýndur er á baksíðu almanaksins, betur ef hann er í ákveðnum hlutföllum og ekki of stór. Börn hafa oftast gaman af að prófa sig áfram og gleðin er mikil þegar hluturinn loksins virkar. Mistökin eru jafn mikilvæg og árangurinn því þau eru lærdómsrík. Börn eiga auðvelt með að búa til heillandi heim úr því sem til fellur. Oft þarf ekki annað en smá hvatningu og útkoman er uppspretta mikillar gleði og leiks sem varir jafnvel tímunum saman.

Í almanaki SORPU árið 2010 eru uppskriftir að nokkrum leikfanga Sudarshans sem einfalt er að gera heima við, ásamt myndum af leikföngum sem urðu til í efnisveitunni á Garðatorgi. Áhugasamir geta einnig skoðað heimasíðuna www.sudarshankhanna.com.



Flokkum og skilum á endurvinnslustöðvar SORPU

- Þannig getur úrgangur orðið hráefni í nýjar vörur.
- Minna landrými fer undir urðunarstaðinn.
- Það er ódýrara fyrir samfélagið og umhverfisvænna ef úrgangi er skilað flokkuðum á endurvinnslustöð.

Merkingar

Á endurvinnslustöðvum eru gámar undir flokkaðan úrgang merktir með númerum og teikningum sem vísa til viðkomandi úrgangstegunda. Í þessum bæklingi er notast við sömu merkingar sem auðveldar flokkun á stöðvunum. Einnig er notast við tákn sem eru útskýrð hér fyrir neðan.

 Úrgangstegund sem ber þetta tákn er gjaldskyld. Ef táknið er ekki til staðar kostar ekkert að skila viðkomandi úrgangi á endurvinnslustöð.

 Hér kemur fram með hvaða hætti hráefnið er endurnýtt.

 Úrgangstegund sem ber þetta tákn inniheldur spilliefni sem þarf að eyða.

 Úrgangi má einnig skila í grenndargáma á höfuðborgarsvæðinu.



1

Óendurvinnanlegur úrgangur

Í þennan flokk fer blandaður úrgangur sem ekki fellur undir aðra úrgangsflokka. Úrgangurinn er baggaður og fluttur í Álfsnes þar sem hann er urðaður.

 Athugið að úrgangurinn getur verið gjaldskyldur ef hann hefur fallið til við framkvæmdir.

2

Bylgjupappi

Bylgjupappi þekkist á þykkt hans og bylgjulaga brúnum. Fjarlægja þarf allar plastumbúðir og umbúðir úr öðrum efnum innan úr kössum. Gott er að brjóta saman umbúðir og minnka þannig umfang þeirra. Bylgjupappi má vera áprentaður í sterkum litum.

 Framleiðsla úr endurunnum bylgjupappa er m.a. nýir pappakassar og einangrunarplötur.

3

Timbur og trjábolir

Í þennan flokk fer allt timbur nema það sem er ljósmálað eða plasthúðað. Ekki má setja masonít, trétex eða þunnar innihurðir með timbrinu.

 Timbur og trjábolir eru gjaldskyldir. Athugið að stærri förmum en 2 m³ skal skilað í móttökustöðina í Gufunesi en þar er greitt eftir vigt.

 Timbur er kurlað og nýtt sem kolefnisgjafi við framleiðslu kísiljárns hjá Íslenska járnblendifélaginu hf á Grundartanga.

4

Ljósmálað og plasthúðað timbur

Ljósmálað timbur nýtist ekki hjá Járnblendiverksmiðjunni vegna efnis sem ljós málning inniheldur (titan). Timbrinu er fargað í Álfsnesi.

 Timbur er gjaldskyld. Athugið að stærri förmum en 2 m³ skal skilað í móttökustöðina í Gufunesi.

5

Málmar

Í þennan flokk fer allt sem inniheldur málma af einhverju tagi, jafnvel þó það sé aðeins að hluta, s.s. ýmis húsgögn, niðursuðudósir o.fl. Athugið að raftæki fara í annan farveg, sjá flokka nr. 7, 14, 15 og 17.

 Málmar eru flokkaðir, bræddir og endurunir í nýjar vörur erlendis. Málmar eru verðmætt hráefni sem hægt er að endurvinnna aftur og aftur.

6

Grófur úrgangur

Í þennan flokk fara t.d. ónýt húsgögn, dýnur, bílavarahlutir úr plasti og aðrir fyrirferðarmiklir hlutir sem ekki er hægt að pressa. Efnið er hakkað í móttökustöð SORPU í Gufunesi og síðan fargað á urðunarstaðnum í Álfsnesi.

 Þessi flokkur getur verið gjaldskyldur ef um er að ræða úrgang sem tengist framkvæmdum, s.s. gólfdukar og teppi, gluggakarmar með gleri í o.fl. Ónýt húsgögn, t.d. sófar og stólar, eru ekki gjaldskyld.

7

Stór raftæki

Í þennan flokk fara raftæki til eldunar og þvotta, s.s. þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar, háfar o.fl. Athugið að kælitæki eru flokkuð sérstaklega, sjá flokk nr. 17.

 Tölvuheilar, rafmagnspéttar og rafmagnssnúður eru fjarlægðar og tækin síðan endurunin ásamt öðrum málmi.

8

Steinefni

Í þennan flokk fara efni sem ekki brotna niður í náttúrunni, svokölluð „berandi“ efni. Sem dæmi má nefna gler, hreinlætistæki úr postulíni, flísar, múrbrot, gifs, sand, möl og hellur. Losið úrgang ávallt úr pokum. Athugið að mold fer í flokk 10.

 Allur úrgangur sem flokkast sem steinefni er gjaldskyldur.

 Efnið er hægt að nýta sem jarðvegsfyllingu ef það er án aðskotahluta.

10

Garðaúrgangur

Í þennan flokk fer allur garðaúrgangur sem ekki nýtist til moltugerðar, s.s. torfur, arfi, plöntuleifar og mold. Losið úrgang ávallt úr pokum.



Allur garðaúrgangur er gjaldskyldur.

11

Pappír og sléttur pappi

Í þennan flokk fara dagblöð, tímarit, prentpappír, hreinar og tómatar fernur, eggjabakkar, pappambúðir undan morgunkorni, kexi, pasta o.fl. Fjarlægjið plast og matarleifar úr umbúðum, skolið fernur og brjótið umbúðir saman.



Þessum flokki er hægt að skila í *bláa grenndargáma* og á endurvinnslustöðvar.

Efnið er endurunnið erlendis. Nýjar vörur úr efniinu eru t.d. klósettpappír, eldhúsrúllur og nýjar pappambúðir úr sléttum pappa.

13

Plastumbúðir

Flokka skal allar umbúðir úr plasti – nema frauðplast og umbúðir sem bera skilagjald. Þetta eru t.d. sjampóbrúsar, tómatsósullöskur, plastbakkar, plastpokar o.fl. Umbúðir skulu vera tómatar, án allra aðskotahluta, s.s. matar- eða efnaleifa. Gott er að stafla umbúðum eða pressa þær vel saman til að nýta plássíð sem best – það kostar að flytja loft!



Plastumbúðir fara í *græna grenndargáma* eða á endurvinnslustöðvar.

Plastumbúðirnar eru ýmist nýttar til orkuvinnslu eða til endurnýtingar bæði hérlendis og erlendis.

14

Raftæki

Í þennan úrgangsflokk fara öll raftæki sem ekki tilheyra öðrum flokkum, t.d. ryksugur, brauðristar, hárpurrkur, rakvélur, útvörp, kaffivélur, símar, prentarar o.fl. Athugið að tölvur og skjáir fara í annan farveg, sjá flokk nr. 15.



Ónýt raftæki eru tætt í sundur og málmar aðskildir frá plasti og öðrum efnum og síðan endurunnið.

Tölvur

Í þennan flokk fara tölvuturnar, lófátölvur og fartölvur. ATH! Skjáir fara í flokk nr. 15.



Tölvur eru teknar í sundur og teknar úr þeim prentplötur, harðir diskar, diskadrif, kælieining og spennugjafi. Mismunandi málmtægundir eru endurunnið.

Tölvurnar innihalda spilliefni sem er eytt með viðeigandi hætti.

15

Sjónvörp og skjáir

Tölvuskjáir og sjónvörp eru aðskilin frá öðrum raftækjum og flokkuð sér.



Tækin eru flutt úr landi þar sem þau eru meðhöndluð sérstaklega til að aðskilja plast, gler, blý og fosfór.

Blý og fosfór þarf að meðhöndla sérstaklega þar sem þessi efni geta haft skaðleg áhrif á umhverfið.

Ljósaperur

Flokka skal flúorperur, sparperur, halogenperur og allar aðrar perur í þennan flokk.



Perur sem innihalda kvikasilfur fá sérstaka meðhöndlun þar sem kvikasilfrið er aðskilið frá gleri og öðrum efnum og því eytt sérstaklega. Afgangurinn fer til urðunar.

16

Spilliefni

Spilliefnum ber samkvæmt lögum að skila til eyðingar. Undir spilliefni flokkast ýmskonar hreinsiefni, málning, lím, leysiefni, rafhlöður, lakk, stíflueyðir, skordýraeitur, úðabrúsar, frostlögur, olíufni, rafgeymar o.fl. Spilliefnum skal skila í lokuðum umbúðum. Réttar merkingar á ílátum auðvelda flokkun spilliefna.



Efnin eru meðhöndluð á viðeigandi hátt hjá Efnamóttökunni hf og komið til eyðingar eða í endurvinnslu.

17

Kælitæki

Gömul kælitæki innihalda kælimiðilinn freon en það er efni sem veldur eyðingu ósonlagsins. Að auki innihalda kælitæki olíu sem flokkast sem spilliefni.



Freon og olía eru tæmd úr skápunum og efnin meðhöndluð með viðeigandi hætti.

Skáparnir eru teknir í sundur og flokkaðir til endurvinnslu. Helstu endurvinnsluflokkar eru járn, ál, kopar og plast.

18

Húsbúnaður og húsgögn

Í nýttagám á endurvinnslustöð fer allur húsbúnaður, raftæki og annað sem fólk vill að fari í endurnotkun, t.d. borð, stólar, rúm, ísskáp, þvottavélur, bækur, diskar og bollar, svo eitthvað sé nefnt. Þessir hlutir eru seldir í Góða hirðinum, nýjamarkaði SORPU og líknarfélagi, Fellsmúla 28.



Ágóði af sölnunni í Góða hirðinum rennur til góðgerðarmála.



19

Föt og klæði

Í gáma merкта Rauða krossi Íslands fara allar vefnaðarvörur, t.d. fullorðinsfatnaður, barnafatnaður, yfirhafnir, gluggatjöld, áklæði, teppi og handklæði. Föt og klæði þurfa að vera pökkuð í lokaðan plastpoka.



Föt og klæði nýtast til hjálparstarfs innanlands og erlendis á vegum Rauða kross Íslands.



20

Skór

Skilið skópörum í lokuðum pokum eða bindið saman reimar. Þannig haldast skópörin saman og það sparar tíma og fyrirhöfn við flokkun á þeim.



Skórnir eru sendir til Býskalands. Þar eru þeir flokkaðir, settir í endursölu eða gefnir til líknarstarfa. Hagnaður af endursölu rennur til Samtaka íslenskra kristniboðsfélaga.

21

Skilagjaldsskyldar umbúðir

Áldósur, plastflöskur og glerflöskur skal flokka og telja eftir efnistegund. Eingöngu er tekið við umbúðum frá heimilum, að hámarki 1000 einingum í einu, á endurvinnslustöð. Aðeins er greitt fyrir umbúðirnar inn á debetkort. Endurvinnslan hf, Knarrarvogi, tekur við meira magni af umbúðum og þar er einnig hægt að fá greitt fyrir þær með peningum.

 Framleiðsla úr endurunnum áldósum er nýjar áldósur. Úr gömlu plastflöskunum er framleidd polyester ull, efni sem t.d. nýtist í fataiðnaði og teppaframleiðslu og eru flísföt þekktasta afurðin. Glerflöskur eru muldar og nýtast sem jarðvegsfyllingarefni hérlendis.

22

Hjólbarðar

Tekið er við hjólbörðum frá heimilum á endurvinnslustöðvum SORPU. Hjólbarðar eru kurlaðir hjá Furu í Hafnarfirði. Ekki má setja plastumbúðir (flokkur 13), reiðhjóladekk eða slöngur (flokkur 1) í gáminn.

 Kurlaðir hjólbarðar eru nýttir sem drenlag á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

23

Kertaafgangar

Kertaafgöngum er safnað á endurvinnslustöðvum í samvinnu við kertagerðir.

 Vaxið nýtist til framleiðslu á nýjum kertum.

24

Trjágreinir

Trjágreinum skal skilað án aðskotahluta. Þær eru kurlaðar og nýtast ásamt grasi í molutframleiðslu. Losið greinar ávallt úr pokum.

 Allur garðauRGangur er gjaldskyldur.

 Framleiðsla á molut, lífrænum jarðvegsbæti. Kurlaðar trjágreinir eru einnig notaðar sem lyktheftandi filter yfir seyrholu á urðunarstaðnum í Álfsnesi.

25

Gras

SORPA framleiðir lífrænan jarðvegsbæti, molut, úr trjágreinum og grasi. Losið grasið ávallt úr pokum.

 Allur garðauRGangur er gjaldskyldur.

 Molta er úrvals áburður eða bætiefni í beðin og á grasflötina.


Heyrúlluplast

Heyrúlluplasti skal skilað án aðskotahluta til móttökustöðvar SORPU í Gufunesi.

 Efnið er endurunnið á vegum þjónustuaðila Úrvinnslusjóðs.

Gamalt fyrir þér – nýtt fyrir öðrum

Á öllum endurvinnslustöðvum SORPU, nema á Kjalarnesi, eru nytjagámar fyrir Góða hirðinn þar sem fólk getur gefið hluti sem það er hætt að nota. Við tökum við hlutum sem eru með óskert notagildi og tilheyra heimilishaldi, allt frá húsgögnum og raftækjum til leikfanga, bóka og smávöru. Ágóði af sölu muna í Góða hirðinum rennur til góðgerðarmála.



Afgreiðslutími á starfsstöðvum SORPU er sem hér segir:

Móttökustöð í Gufunesi

Virka daga: 07.30 - 17.00

Laugardaga: LOKAÐ, nema fyrir viðskiptavinum með viðskiptakort frá 13.00 - 16.00

Álfsnes

Virka daga: 08.00 - 17.00

Laugardaga: 08.00 - 12.00

Góði hirðirinn

Fellsmúla 28

Virka daga: 12.00 - 18.00

Um helgar: LOKAÐ

Endurvinnslustöðvar

Virka daga: 12.30 - 19.30

Um helgar: 10.00 - 18.30

Opið á Kjalarnesi sunnudaga, miðvikudaga og föstudaga 14.30 - 19.30

Endurvinnslustöðvar í Reykjavík:

Ánanaustum, s. 561 6570

Jafnaseli 8, s. 567 6573

Sævarhöfða 21, s. 567 6570

Kjalarnesi við Norðurgund, s. 586 8339

Endurvinnslustöðvar í Garðabæ, Kópavogi og Mosfellsbæ

Miðhrauni 20 Garðabæ, s. 565 0820

Dalvegi 1 Kópavogi, s. 564 3140

Bliðubakka Mosfellsbæ, s. 566 8120

Grenndargámar

Um 80 grenndarstöðvar eru staðsettar víða á höfuðborgarsvæðinu. Hægt er að skoða staðsetningu þeirra á heimasíðu SORPU, www.sorpa.is.

Reglur um losun úrgangs og gjaldskyldu frá heimilum

Kostnaður vegna reksturs endurvinnslustöðva er að hluta greiddur af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu og að hluta af notendum samkvæmt gjaldskrá stöðvanna.

1) Gjaldfrjáls úrgangur

Ekki er greitt fyrir losun á úrgangi frá daglegum heimilisrekstri. Dæmi um gjaldfrjálsan úrgang er sléttur pappi, bylgjupappi, dagblöð, föt, kertaafgangar, nytjahlutir, drykkjarumbúðir o.fl. Úrgangur skal vera flokkaður þegar honum er skilað á endurvinnslustöð.

2) Gjaldskyldur úrgangur

Á endurvinnslustöðvum SORPU er greitt eftir rúmmáli úrgangs samkvæmt gjaldskrá. Starfsmaður mælir umfang úrgangsins. Almennungi ber að greiða fyrir:

- Úrgang frá byggingu og breytingu húsnæðis og lóða (t.d. innréttingar, timbur, gólfefni, múrbrot og flísar).
- Úrgang frá bílaviðgerðum.
- Úrgang frá húsdýrahaldi.
- Garðaúrgang og steinefni (t.d. mold, jarðveg, trjágreinar og gras).

Gjaldskrá er að finna á heimasíðu SORPU, www.sorpa.is.

3) Hámark farmstærða er 2 m³

Ef losa þarf stærri farma frá heimilum er það gert í móttökustöð SORPU í Gufunesi. Þar er nánast allur úrgangur gjaldskyldur og er greitt eftir þyngd samkvæmt gjaldskrá (farmi er ekið yfir vigt).

ATH! Pressið umbúðir vel saman – minnkið rúmmál úrgangs – það kostar að flytja loft!

Inneign á bætt umhverfi

Frá og með 1. janúar 2010 er tekið gjald fyrir garðaúrgang, s.s. gras, trjágreinar, mold og annan jarðveg, á endurvinnslustöðvum SORPU á höfuðborgarsvæðinu. Á móti gefst viðskiptavinum kostur á að sækja sér moltu eða moltublöndu sem er afurð úr endurunnum trjágreinum og grasi og fyrirtaks jarðvegsbætur fyrir allan gróður.

Hvernig fæ ég moltu?

Þegar garðaúrgangi hefur verið skilað inn á endurvinnslustöð og búið er að greiða fyrir fær viðkomandi afhentan miða. Afgreiðslutími moltunnar verður síðan auglýstur sérstaklega og þá verður hægt að framvísa miðanum á endurvinnslustöð gegn ½ m³ af moltu eða moltublöndu á meðan birgðir endast. Viðskiptavinir sjá sjálfir um að moka moltunni á kerrur eða í ílát.

Heimajarðgerð

Með heimajarðgerð má spara sér flutning og kostnað við losun á garðaúrgangi og framleiða eigin moltu sem nýtist sem áburður í garðinum. Á heimasíðu SORPU, www.sorpa.is, má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um heimajarðgerð.





SPRELLIKARLANA GERÐU BÖRN Í LEIKSKÖLANUM LUNDABÓLI

Janúar

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
Á vefnum sorpa.is er að finna upplýsingar um hvað skal gera við jólatré, gjafa-pappír og aðrar umbúðir sem falla til yfir jólin.					1 NÝÁRSDAGUR	2
3	4	5	6 ÞRETTÁNDINN	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22 BÓNDADAGUR	23
24/31	25	26	27	28	29	30



Flokkum og skilum úrgangi til endurvinnslu. Sjá upplýsingar í flokkunartöflu fremst í almanaki!

SORPA


www.sorpa.is



LEIKFANGIÐ GERÐU BÖRN
Í HÖFSSTAÐASKÓLA

LEIKIÐ MEÐ ÞYNGDARLÖGMÁLIÐ

Í þetta leikfang þarf tvo
blyanta – heilan og hálfan,
stein, bandspotta og kníf.



Bindið blyantana saman.

Skerið rauf í enda stærri
blyantsins og bindið bandið þar í.
Bindið svo steininn í endann á bandinu.

Fyrir yngri börn er betra að nota
gamalt strokkleður eða setja mjúkt
efni utan um steininn til að koma
í veg fyrir slys.

Skreytið svo að vild.

Febrúar

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
	BOLLUDAGUR	SPRENGIDAGUR	ÖSKUDAGUR			
21	22	23	24	25	26	27
KONUDAGUR						
28						



Trjágreinar og gras verða að jarðvegsbætinum moltnu. Sjá flokkunartöflu framarlega í almanakinu.

MYNDARAMMAR ÚR
KORNFLEXPAKKA

Pappinn er klipptur í ferhyrninga
sem svo eru lagðir hver ofan á
annan til að mynda stjörnu. Síðan
er allskyns garni vafid utan um
eins og myndin sýnir.



RAMMANA GERÐU BÖRN SEM HEIMSÓTTU EFNISVEITUNA Á GARÐATORGI

Mars

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28 PÁLMA-SUNNUDAGUR	29	30	31			

VORJAFNDÆGUR



Pappaþassinn getur orðið að nýjum pappaumbúðum ef honum er skilað til endurvinnslu.

SORPA

www.sorpa.is



FEIMNAR DÚKKUR GETA
FALID SIÐ Í PAPPAGLÖSUNUM!


BÖRN Á LEIKSKÖLUNUM
BÆJARBÓLI OG KIRKJUBÓLI
UNNU DÚKKURNAR MEÐ
HÖNNUÐUM FRÁ LÚKA DESIGN

Apríl

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
				1 SKÍRDAGUR	2 FÖSTUDAGURINN LANGI	3
4 PÁSKADAGUR	5 ANNAR Í PÁSKUM	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22 SUMARDAGURINN FYRSTI	23	24
25	26	27	28	29	30	



Umþúðir úr plasti fara bæði til orkuvinnslu og í framleiðslu á nýjum vörum.



HVERNIQ MYNDAST HLJÓÐIN?

Hristun er gerð úr tveimur
pappadiskum sem eru heftaðir saman.
Handfangið er gamall flugnaspáði. Inn í
diskana eða hristuna settu börnin ýmiskonar
efni til að fá mismunandi hljóð; sand, steina eða
möl. Síðan skreytti hver einstaklingur sína
hristu að vild með allskyns börðum og skrauti.

HRISTUNA GERÐU BÖRN Í HÖFSSTAÐASKÓLA

Maí

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
						1 VERKALÝÐSDAGURINN
2	3	4	5	6	7	8
9 MÆÐRADAGURINN	10	11	12	13 UPPSTIGNINGARDAGUR	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23/30 HVÍTASUNNUDAGUR (23)	24/31 ANNAR Í HVÍTASUNNU (24)	25	26	27	28	29



Pappír og sléttur pappi eru endurnýttir í salernispappír og nýjar pappaumbúðir.



FÁÐU ÞÉR SÆTI!
SMÁLÍKÖN AF STÓLUM EFTIR NEMENDUR
Í FJÖLBRAUTASKÓLANUM Í GARÐABÆ

Júní

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
SJÓMANNADAGURINN						
13	14	15	16	17	18	19
				LÝÐVELDISDAGURINN		
20	21	22	23	24	25	26
	SUMARSÓLSTÖÐUR			JÓNSMESSA		
27	28	29	30			



Ágóði af sölu nytjahluta í Góða hirðinum rennur til góðgerðarmála.



SORPA


www.sorpa.is

LITILL FUGL LYFTIR STÖRUM

Í þetta leikfang þarf hölk, band og tvo misstóra bolta (eða aðra misstóra, heppilega hluti). Svo er gaman að leika sér með pappír eða efni til að skreyta, t.d. gamlan gjafapappír eða dagblöð.

Bandið er sett í gegnum hölkinn og síðan fest við báða boltana.

Leikfangið virkar þannig að ef haldið er utan um hölkinn og lítila fuglinum sveiflað í kringi þá lifir hann smám saman stóra fuglinn upp. Litil þúfa veltir þungu klassi...



Í EFNISVEITUNNI Á GARÐATORGI
LÉKU BÖRNIN Í SJÁLANDSSKÓLA SÉR
AÐ HUQMYNDUM UM ÞYNGDARAFLIÐ
OG NOTUÐU TIL ÞESS MARQSKONAR
EFNIVIÐ




Júlí

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31



Raftæki eru flokkuð í sex mismunandi flokka eftir efnistegundum.



FLATASKÓLI VANN AÐ VÖRUÞRÓUN Í SAMVINNU
VIÐ RÁÐUNEYTIÐ HÖNNUNARSTOFU

Ágúst

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
1	2 FRÍDAGUR VERSLUNARMANNA	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				



Málmur er verðmætt hráefni sem hægt er að endurvinna aftur og aftur! Sjá flokkunartöflu framarlega í almanakinu.

RAMM-TAMM-TAMM-TAMM HLJÓÐAGERÐ

Til að gera þetta leikfang þarf eitt af eftirtöldu: lok af gasflösku, niðursuðudós eða lok af glerkrakku. Einnig þarf tölu, 30 sm langt band og gúmmiteygju.

Klippid gúmmiteygjuna og þræðið í gegnum annað gatrið á tölunni.

Bindið teygjuna utan um lokið þannig að talan snúi að efri hlið loksins.

Bindið bandið við töluna og gerið knúta á það með um 5 sm millibili.

Þrúfið nú að halda á lokinu og renna fingrunum eftir bandinu – þá verður til skritið hljóð!



HLJÓÐFÆRIN GERÐU
BÖRN ÚR HOFSTADASKÓLA

September

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

HAUSTJAFND/EGUR



Skilagjaldsskyldar umboðir nýtast í vegagerð, fataframleiðslu og gerð nýrra álumboða.

SORPA

www.sorpa.is



DÚKKUR ÚR SVAMPI GERÐU BÖRN Á LEIKSKÓLANUM HÆÐARBÓLI

Október

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24/31	25	26	27	28	29	30 FYRSTI VETRARDAGUR



Skilum spilliefnum til eyðingar og verndum þannig umhverfið. Sjá flokkunartöflu framarlega í almanakinu.



BÚNINGUR ÚR ENDURVINNSLUEFNI

Svartur raslapoki, efnisbútar og lagnarör

BÚNINGINN GERÐU NEMENDUR

ÚR GARDASKÓLA FYRIR STÍL 2009

Nóvember

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
FEDRADAGURINN		DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU				
21	22	23	24	25	26	27
28 ADVENTA	29	30				



Föt og klæði nýtast til hjálparstarfs innanlands og erlendis á vegum Rauda kross Íslands.




SORPA

www.sorpa.is



EN ÖVÆNT ÁNÆGJA!
Rúllið pappir í tvær rúllur þannig
að önnur komist fyrir inni í hinni.
Sú sem er viðari á að vera helmingi
styttri en hin.



Klippið t.d. gjafapappir eða annan þunnan
pappir í ferhyrning. Lengdin á að vera sex
sinnum breiddin. Brjótið pappirinn saman
eins og sýnt er á myndinni. Það er tilvalið
að nota gamlar jólapappir í þetta leikfang.

Límið spotta í bæði ystu
brotin á renningnum.



Límið renninginn inn
í þynnri rúlluna.



Setjið þynnri rúlluna inn í þá viðari
og límið spottann á hliðar stærri
rúllunnar. Þegar þynnri rúllunni
er ýtt upp í gegnum þá viðari á
pappirsrenningarinn að opnast
eins og sést á myndinni.

Setjið fallegan pappir
yfir ytri rúlluna til að
hulja tvinnann.

LEIKFANGIÐ GERÐU NEMENDUR Í SJÁLANDSSKÓLA

Desember

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
			1 FULLVELDISDAGURINN	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21 VETRARSÓLSTÖÐUR	22	23 ÞORLÁKSMESSA	24 AÐFANGADAGUR	25 JÓLADAGUR
26 ANNAR Í JÓLUM	27	28	29	30	31 GAMLÁRSDAGUR	



Kertaafgangar nýtast til framleiðslu á nýjum kertum.

SORPA

www.sorpa.is

Leikföng úr verðlausu efni


Myndskreytingar almanaksins að þessu sinni eru leikföng sem urðu til í vinnusmiðju á Garðatorgi og í ýmsum skólum í Garðabæ haustið 2009. Að auki eru uppskriftir að skemmtilegum leikföngum úr „verðlausu“ efni en þannig getur fólk stundað sína eigin endurvinnslu heima fyrir og auðgað leik barna sinna með einföldum hætti.

Á fremstu síðum almanaksins eru svo ýmsar gagnlegar og fróðlegar upplýsingar um flokkun úrgangs í grenndargáma og á endurvinnslustöðvar SORPU. Þar er t.d. fjallað um þær afurðir sem eru búnar til úr endurunnum úrgangi en vönduð flokkun er forsenda þess að hægt sé að nýta úrgang í nýjar vörur.

FLUGFISKUR

Efnið úr í flugfiskinn getur t.d. verið almanak SORPU 2009 eða aðrir gamlir bæklingar.

Klippið pappirinn þannig að hann sé 1,5 sm á breidd og 12 sm á lengd. Klippið síðan rauf á báða enda pappirlengjunnar eins og sýnt er á teikningunni hér að neðan.



Prófið að kasta fiskinum hátt í loft upp og sjáð hvað hann snýst fallega á leiðinni niður.

Ef þið eruð nokkur saman er hægt að fara í keppni. Þá klifra allir upp á stól og svo reynir hver og einn að henda sínum fiski eins hátt og hann mögulega getur.

Sá vinnar sem á fiskinn sem kemur síðastar niður.

SORPA